

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur greiði málflutningsmanni stefnda, Þórðar læknis Sveinsonar fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi, Eiríki yfirréttarmálaflutningsmanni Einarssyni, málflutningslaun fyrir yfirdómi 25 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. apríl 1918.

Nr. 99/1917.

Valdemar Thorarensen  
 gegn  
 Birni Líndal.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjanda Valdemar Thorarensen málaflutningsmanni á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn stefnda Birni Líndal yfirréttarmálaflutningsmanni sama staðar, og lauk því máli svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. júlí 1915 að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda.

Þessum dómi hefir Valdemar Thorarensen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. desbr. f. á. Við fyrirtekt málsins 11. f. m. mætti enginn af hendi stefnda og hefir áfrýjunarstefnan þó verið löglega birt.

Af dómsgerðum undirréttarins, er fram hafa verið lagðar í málinu, sést ekki að áfrýjandi hafi við dómtöku málsins greitt gjald fyrir birtingu dómsins, svo sem fyrir er mælt í 16. gr. tilsk. 15. ág. 1832, og verður þá að gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi fallið frá þeirri birtingu, og telst þá áfrýjunarfresturinn samkvæmt nefndri lagagrein frá dómsuppsögn.

Þar sem nú áfrýjunarstefnan hefir verið gefin út nærfelt 2 árum og 5 mánuðum eftir uppsögn auka-réttardómsins, er það eftir ofansögðu ljóst, að áfrýjunarfrestur til yfirdómsins í máli þessu hefir verið liðinn fyrir löngu, er áfrýjunarstefnan var útgefin, og þar sem áfrýjandi hefir ekki lagt fram uppreisnarleyfi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Um málskostnað er eigi að ræða, þar eð stefndi mætti eigi í yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.